



HAFNARFJÖRÐUR

Hafnarfirði, 17. mars 2017

1610414 GþG

Grenndarkynning – Hafnarfjarðarbær

Kirkjuvegur 11b, 220 Hafnarfirði.

Á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar, þann 15.2.2017 var ákveðið að vísa erindi vegna Kirkjuvegur 11b í grenndarkynningu skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sótt eru um byggingarleyfi fyrir vinnustofu (endurbyggðum þvottaskúr) á baklóð, áður gerðum breytingum á íbúðarhúsi og gerð tveggja bílastæða á lóð sk. teikningum Þorgeirs Þorgeirssonar dags. 01.12.2016.

Teikningar er sýna vinnustofu, áður gerðar breytingar og staðsetningu bílastæða eru í fylgigögnum ásamt greingagerð.

Breytingarnar verða grenndarkynntar frá 21.3.2017 til 18.4.2017. Nánari upplýsingar eru veittar hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu, Norðurhelli 2.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 19. apríl 2017. Þeir sem ekki gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar.